

Ársfundur Fjármálaeftirlitsins

Á liðnu ári hélt íslenskt fjármálakerfi áfram að vaxa og alþjóðavæðast. Á síðustu þremur árum hafa eignir viðskiptabankanna sexfaldast, eignir lífeyrissjóða og váttryggingafélaga tæplega tvöfaldast og viðskipti í kauphöll fjórfaldast.

Eitt af sérkennum íslenska fjármálamarkaðarins er að meirihluti tekna og eigna íslenskra fjármálafyrirtækja kemur erlendis frá en erlendir aðilar hafa nánast hverfandi starfsemi á Íslandi. Um 54% tekna viðskiptabankanna eru af erlendri starfsemi, 60% útlána eru til erlendra viðskiptamanna, meirihluti innlána stafar frá erlendum aðilum, eignir dótturfélaga nema um 45% af heildareignum og helmingur starfsmanna fyrirtækjanna starfar erlendis. Fullyrða má að þessar tölur muni hækka.

Íslensku fjármálafyrirtækin starfa í 21 ríki í 56 starfsstöðvum og útibúavæðing hefur einkennt þróunina undanfarin tvö ár. Stofnsetning útibúa erlendis leggur beina eftirlitsábyrgð á Fjármálaeftirlitið, þannig skiptir engu hvort útibú er í London eða á Akureyri. Þegar um dótturfélag er að ræða hvílir eftirlit með samstæðunni á Fjármálaeftirlitinu.

Alþjóðavæðingin er ekki einskorðuð við viðskiptabankana heldur nær hún einnig til annarra fyrirtækja. Váttryggingafélögin eru farin að hasla sér völl erlendis, kauphöllin er í eigu erlendra aðila og íslenskir fjárfestar hafa keypt stóra hluti í erlendum váttryggingafélögum.

Alþjóðavæðingunni fylgja ýmsir kostir s.s. aukin dreifing áhættu, breiðari tekjugrunnur og væntanlega sterkari efnahagur. En henni fylgja einnig áhættur s.s. fjármögnun vaxtar og stærri efnahags, takmarkaðri yfirsýn og samþættingaráhætta. Orðsporsáhætta vex einnig eftir því sem fyrirtækin stækka og ryðja sér til rúms á fleiri mörkuðum.

Alþjóðavæðingin hefur á stuttum tíma gert starfsemi Fjármálaeftirlitsins alþjóðlegri sem gerir nýjar kröfur til skipulags, vinnubragða og starfsfólks. Eftirlitsstarfsemi erlendis og samskipti við erlenda aðila hefur og mun aukast verulega til viðbótar við innlendan vöxt fjármálageirans.

Innra skipulag

Fjármálaeftirlitið hefur brugðist við þeim breytingum sem orðið hafa í umhverfi þess með breytingum á innra skipulagi, nýtingu upplýsingatækninnar og gert sér far um að megináherslur í starfseminni séu skýrar, en þær eru:

- *Fyrirbyggjandi athafnir*, s.s. hæfismat stjórnenda og mat á virkum eignarhlutum.
- *Fjárhagslegt eftirlit*, s.s. regluleg greining og söfnun upplýsinga.
- *Eftirfylgni reglna*, s.s. vettvangsathuganir, upplýsingasöfnun og beiting úrræða.

- *Viðhalda trúverðugleika markaðarins*, s.s. með tvíhliða/marghliða samskiptum við erlend stjórnvöld, lánsþæfismatsfyrirtæki, greiningaraðila og fjölmiðla.
- *Þátttaka í útrás*, s.s. beint eftirlit með starfsemi útibúa, samstarf um eftirlit við erlend stjórnvöld og gerð samstarfssamninga.
- *Leiðbeiningar til markaðar*, s.s. leiðbeinandi tilmæli og túlkanir.

Með nýlegum lagabreytingum hefur Fjármálaeftirlitið fengið auknar valdheimildir til þess að afla upplýsinga og taka með skilvirkari hætti á brotum á reglum fjármálamarkaðarins. Með þessu er regluumhverfi íslensks fjármálamarkaðar sambærilegt því sem gerist á þróuðustu mörkuðum.

Með skýrum áherslum, auknum valdheimildum og eflingu rekstrargrundvallar Fjármálaeftirlitsins verða eftirlitsskyldir aðilar í auknum mæli varir við starfsemi þess og sumir eru kannski ekki alltof hrifnir af öflugum eftirliti með fjármálamarkaðnum.

En þó svo að valdheimildir hafi verið auknar þá felur alþjóðavæðingin í sér nýjar áskoranir. Þannig hefur Fjármálaeftirlitið rekið sig á erfiðleika í ákveðnum tilvikum við að afla nauðsynlegra upplýsinga frá erlendum dótturfélögum íslensku bankanna. Fjármálaeftirlitið getur, ef þurfa þykir, sótt þær upplýsingar sem þarf með aðstoð erlendra systurstofnanna. Slíkar beiðnir og heimsóknir eru hins vegar tímafrekar og vekja upp efasemdir hjá hinum erlenda eftirlitsaðila um viðskiptahætti á íslenskum markaði. Slíkt kann einnig að leiða til þess að hinn erlendi eftirlitsaðili setji öll íslensk dótturfélög undir smásjá að nauðsynjalausu. Á þessu mun verða tekið bæði hvað varðar einstök tilvik og við samþykki á kaupum á dótturfélögum í framtíðinni.

Annað sem rétt er að minnast á er hversu óljósa mynd hlutaskrár einstakra félaga veita um raunverulega eigendur hluta. Þannig geta hlutir t.d. hvílt í veltubókum eða á safnreikningum innanlands eða utan, komið til vegna framvirkra samninga, verið í eigu fjárvörslusjóða (e. *trusts*), sem jafnvel eru vistaðir hjá fjármálafyrirtækjum erlendis, eða verið í eigu félagsins A, sem er í eigu erlends félags B innan EES sem jafnvel er í eigu erlends félags C utan EES.

Að mínu mati þarf að endurskoða hlutafélagalögin og lög um verðbréfaskráningu með það að markmiði að ávallt sé ljóst hver hinn raunverulegi eigandi (e. *beneficial owner*) er. Aðilar eiga ekki að geta notið fullra eigendaréttinda ef aðrir hluthafar eða félagið sjálft hafa ekki vitneskju um hverjir þeir eru. Varðandi eignarhluti í fjármálaþjónustufyrirtækjum og skráðum hlutafélögum er slíkt gegnsæi sanngjörn og eðlileg krafa.

Þróun á íslenskum fjármálamarkaði

Ég mun nú víkja að þróuninni á einstökum sviðum íslensks fjármálamarkaðar.

Lánasvið

Afkoma viðskiptabankanna og stærstu sparisjóðanna var almennt góð á síðasta ári og fyrri helmingi ársins 2007 og var meðalárðsemi eigin fjár um 37% og 36%. Rétt er þó að geta þess að árðsemin dróst saman á milli 2. og 3. ársfjórðungs og var 28% fyrir 3 stærstu bankanna á fyrstu 9 mánuðum ársins. Kostnaðarhlutfall bankanna þriggja hefur einnig farið hækkandi á árinu eða úr 38% í 46%.

Sé litið til hagnaðar af kjarnastarfsemi, þ.e. vaxta- og þóknunartekna, í hlutfalli af eigin fé þá var hún á sama tímabili 12,2 og 12,9%. Rétt er þó að geta þess að nokkur munur er á viðskiptabönkum og sparisjóðum, en afkoma af kjarnastarfsemi sparisjóðanna hefur verið slök síðustu misserin eða -3,8% og -6% hjá þeim stærstu. Rétt er að taka fram að framangreind hagnaðarhlutföll eru vanmetin sem nemur áhrifum vaxta af fjárbindingu í markaðsverðbréfum en heildarmyndin um muninn milli viðskiptabanka og sparisjóða er óbreytt.

Eiginfjárstaða bankanna er sterk og var um 13,1% um mitt ár 2007 samanborið við 13,3% um mitt ár 2006. Í lok 3ja ársfjórðungs var hlutfallið 11,8%.

Útlán hafa haldið áfram að vaxa þó dregið hafi nokkuð úr vextinum (móðurfélagsgrunni), en frá miðju ári 2006 til miðs árs 2007 var vöxturinn um 19% en var um 64% næstu 12 mánuði þar á undan. Vanskil hafa verið í sögulegu lágmarki en hætt er við því að þau muni aukast eitthvað ef saman dregur í efnahagslífinu.

Útlán með veði í íbúðahúsnaði eru um 10% af útlánum móðurfélaga viðskiptabankanna en um 36% hjá stærstu sparisjóðunum. Sem hlutfall af eigin fé nema íbúðalán um 37% hjá viðskiptabönkunum en tæpum 300% hjá stærstu sparisjóðunum. Um helmingur slíkra lána hafa veðhlutfall undir 70% og um 4 af hverjum 5 íbúðalánunum eru með veðhlutfall undir 90%. Af framansögðu má ætla að útlánaáhætta vegna íbúðalána sé takmörkuð hjá viðskiptabönkunum en nokkuð meiri í tilviki sparisjóðanna.

Hlutfall útlána til verðbréfaþaka, þ.e. heildarfjárhæð beinna lána og framvirkra samninga, af eiginfjárgrunni jókst talsvert og var um 126% hjá viðskiptabönkunum og 42% hjá stærstu sparisjóðunum. Fjármálaeftirlitinu reiknast svo til að markaðsvirði þeirra hlutabréfa sem veðsett eru með þessum útlánunum og lögð til tryggingar vegna framvirkra samninga og skráð eru á OMX nemi um 36% af heildarmarkaðsvirði þeirra félaga sem skráð voru á OMX á þriðja ársfjórðungi 2007.

Tryggingarþekja beinna útlána með veði í verðbréfum hefur aukist á milli ára og veðsetningarhlutfall lækkað sem gefur til kynna að fjármálafyrirtækin hafi haft borð fyrir báru ef markaðir myndu lækka. Þetta sést best á því að fyrstu þrjár vikurnar í nóvember voru 600 veðköll hjá 6 af stærstu fjármálafyrirtækjunum (á samstæðugrunni), en einungis var í einu tilviki um þvingaða sölu að ræða.

Við veðköll, eins og í öðrum tilvikum, er mikilvægt að gætt sé jafnræðis fjárfesta og sambærileg tilvik séu meðhöndluð á sambærilegan hátt og armslengdarsjónarmiða gætt. Jafnframt er rétt að hvetja fjármálafyrirtækin til að sýna varfærni í að slaka verulega á kröfu um tryggingaþekju þó svo að verð hlutabréfa hafi almennt lækkað.

Markaðsverðbréfaeign fjármálafyrirtækja fór vaxandi fyrri hluta árs eftir að hafa dregist nokkuð saman á árinu 2006. Um mitt þetta ár nam stöðuáhætta markaðsskuldabréfa í eigin áhættu um 35% af eiginfjárgrunni og hlutabréfa í eigin áhættu um 36% af eiginfjárgrunni. Hér er um eignalið að ræða sem gæta þarf að, einkum ef seljanleiki verðbréfa minnkar og verð þeirra lækkar.

Á rúmu ári hafa bankarnir styrkt fjármögnun sína, bæði með aukinni landadreifingu, lengri meðallánstíma og betri dreifingu á endurgreiðslum. Jafnframt hafa innlán

aukist verulega, fyrst og fremst erlendis, sem gerir bankana minna háða alþjóðlegum lánamörkuðum. Rétt er þó að undirstrika að innlán eru ekki áhættulaus fjármögnun og hægt er að taka þau út jafnhvort og þau eru lögð inn nema samningskilmálar kveði á um annað. Þetta gerir bankana jafnframt ennþá viðkvæmari fyrir umtalsáhættu. Lausafjárstaða bankanna hefur batnað verulega frá fyrri árum og aukin áhersla hefur verið lögð á stýringu lausafjár og settar hafa verið traustvekjandi innri reglur um lágmark lauss fjár.

Á þessu ári hefur Fjármálaeftirlitið lagt sérstaka áherslu á að fylgjast með fjármögnun, lausafjárstöðu og eignagæðum bankanna. Reglulega hefur verið safnað upplýsingum um fjármögnun og laust fé, og í haust var gerð viðamikil vettvangsúttekt á gæðum útlána og virkni innri reglna hjá 6 stærstu fjármálafyrirtækjum landsins. Samandregnar niðurstöður þeirrar úttektar verða birtar á næstu vikum.

Verðbréfasvið

Verkefni á verðbréfasviði hafa að miklu leyti snúið að innleiðingu tilskipana ESB varðandi markaði um skipulega fjármálagerninga (*Mifid*) og gegnsæi (*Transparency*) og leiðbeingar og túlkanir vegna þessa, en ný verðbréfavíðskiptalög ásamt reglugerðum tóku gildi þann 1. nóvember sl. Undirbúningsvinna vegna *Mifid* var sérstaklega umfangsmikil sem og þróun og smíði sérstaks rafræns tilkynningakerfis um víðskipti með fjármálagerninga í samvinnu við önnur norræn eftirlit.

Tilkynningarkerfið tekur á móti og varðveitir upplýsingar um víðskipti með fjármálagerninga frá fjármálafyrirtækjum og skiptist jafnframt á sambærilegum upplýsingum við erlend fjármálaeftirlit eftir ákveðnum reglum. Fjármálaeftirlitið væntir þess að geta byggt ofan á þetta kerfi sérstakt úrvinnslukerfi, hugsanlega í samvinnu við önnur norræn eftirlit, sem mun auka skilvirkni í eftirliti með reglum um jafnræði fjárfesta, innherjasvik og markaðsmisnotkun. Reynsla Norðmanna af rafrænu eftirliti með innherjasvikum og markaðsmisnotkun er áhugaverð. Á árunum 1985-2000 voru engin slík mál upplýst í Noregi en frá árinu 2000, eftir að notkun á rafrænum eftirlitskerfum hófst, þá hafa um 50 innherja-og markaðsmisnotkunarmál verið upplýst og nokkrir dómur þegar fallið.

Vaxandi umsvif íslenskra fjármálafyrirtækja og fjárfesta á erlendum vettvangi hafa aukið töluvert eftirlitsverkefni yfir landamæri. Á síðustu misserum hefur Fjármálaeftirlitið greint nokkra aukningu í fjölda fyrirspurna um íslenska aðila frá erlendum eftirlitsstofnunum og með innleiðingu áðurnefndra tilskipana og tilkomu rafræna tilkynningakerfisins má búast við frekari aukningu á slíku samstarfi.

Með *Mifid* voru gerðar auknar kröfur til fjármálafyrirtækja um fjárfestavernd og stefnir Fjármálaeftirlitið að því að auka tíðni úttekta með víðskiptaháttum fyrirtækjanna í kjölfar þessa.

Lífeyrissjóðir

Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2006 nam um 1.500 milljörðum króna sem er um 131% af landsframleiðslu og samsvarar því að sérhver Íslendingur eldri en 16 ára eigi að meðaltali 6,3 milljónir í sjóðunum.

Hrein ávöxtun lífeyrissjóðanna var góð á árinu 2006 eða um 10% og á síðustu 10 árum hefur meðalávöxtunin verið 6,7%.

Fjárhagsstaða lífeyrissjóða, án ábyrgðar launagreiðenda, hefur farið batnandi og í lok ársins 2006 var enginn sjóður með halla á tryggingafræðilegri stöðu eigna og skuldbindinga umfram 10%. Sjóðum með einhvern halla hefur fækkað úr 15 í 10.

Fjárfestingar lífeyrissjóðanna hafa í vaxandi mæli færst frá verðbréfum með fastar tekjur yfir í verðbréf með breytilegar tekjur, sem nú eru um 55% af eignum sjóðanna, auk þess sem hlutfall gengisbundinna eigna hefur hækkað og var um síðustu áramót um 27% af hreinni eign. Þessi breyting felur í sér áhættusæknari stefnu sem væntanlega skilar hærri ávöxtun til lengri tíma en gerir sjóðina næmari fyrir skammtímasveiflum á hlutabréfa- og gjaldeyrismörkuðum.

Lífeyrissjóðir hafa haldið áfram að sameinast og þann 1. júlí sl. voru starfandi 40 lífeyrissjóðir, en 10 stærstu sjóðirnir eiga um 80% af hreinni eign allra sjóðanna. Að mínu mati er þróunin í átt að færri en stærri sjóðum almennt jákvæð. Slíku fylgir yfirleitt aukin hagræðing í rekstri, aukin áhættudreifing bæði varðandi eignir og skuldbindingar og aukin fagmennska í stjórnun. Á móti þarf að hafa í huga að starfsemi stórra sjóða er flóknari og kallar á aukið innra eftirlit og áhættustýringu auk þess sem kerfislæg áhætta verður meiri.

Verðbréfasjóðir

Fjöldi verðbréfa- og fjárfestingasjóða hefur vaxið hratt á síðustu 2 árum og eru þeir nú 62 (með sjóðsdeildum), en rekstrarfélög verðbréfasjóða eru samtals 7. Eignir í vörslu sjóðanna hafa vaxið hratt og verðbréfasjóðir hafa í vaxandi mæli óskað eftir yfirlýsingu Fjármálaeftirlitsins um stöðu þeirra vegna markaðssetningar í öðru ríki EES. Ef lesið er í þessa þróun má vænta aukningar í markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða í öðrum ríkjum EES.

Vátryggingasvið

Á árinu 2006 dróst hagnaður vátryggingafélaga lítillega saman miðað við árið á undan. Ástæða þessa var einkum minni hagnaður af verðbréfaeign en afkoman af sjálfri vátryggingastarfseminni fór batnandi. Vaxandi verðbréfaeign veldur því að heildarafkoman verður sveiflukenndari og kallar á að vátryggingafélögin leggi áherslu á virka áhættustýringu og eigna- og skuldastýringu.

Rekstur váttryggingamiðlara hefur batnað á milli ára og þrefaldaðist hagnaður þeirra á milli árunna 2005 og 2006.

Af einstökum tryggingaflokkum vekur verulegt tap af frjálsum ökutækjatrýggingum athygli þar sem tjónakostnaður hefur vaxið jafnt og þétt á meðan afkoma lögboðinna ökutækjatrýgginga er réttu megin við núllið. Spyrja má hvort að hér sé um ákveðna birtingamynd góðærisins að ræða, þ.e. að fleiri, stærri og dýrari bílar þýði hærri tjónakostnað, og þá jafnframt hvort að greina þurfi áhættuþætti tryggingarinnar frekar.

Af einstökum tegundum líftrygginga virðist þróunin vera sú að vöxtur er í heilsu-afkomu- og sjúkdómatryggingum og áhættulíftryggingum á meðan áhersla á söfnunarlíftryggingar og lífeyrissparnað hefur minnkað verulega.

Bókfærð iðgjöld vegna starfsemi íslenskra váttryggingafélaga erlendis hafa vaxið töluvert á síðustu árum. Eitt íslenskt félag sérhæfir sig í starfsemi ábyrgðartrygginga í Bretlandi, eitt félag á dótturfélag í öðru ríki, félögin veita þjónustu yfir landamæri og eru í vaxandi samstarfi við erlenda váttryggjendur og þessu til viðbótar hafa móðurfélög íslensku félaganna keypt stóra hluti í norrænum félögum á váttryggingasviði.

Áherslur á næstunni

Ég vil nú víkja í nokkrum orðum að áherslum í starfsemi Fjármálaeftirlitsins á næstunni.

Starfsemi erlendis

Fjármálaeftirlitið mun í vaxandi mæli sinna verkefnum erlends við eftirlit með útibúum íslenskra fyrirtækja og samráðsverkefni við erlenda eftirlitsaðila. Vaxi starfsemi íslensku fyrirtækjanna mikið meira gæti komið til skoðunar eftir 1-2 ár hvort að Fjármálaeftirlitið þurfi að koma upp starfsstöð erlendis.

Samþættingaráhætta – Innri ferlar

Þegar mikill stækkun á sér stað er mikilvægt að yfirsýn tapist ekki og innri ferlar og stoðkerfi fylgi vextinum. Slíkt er ennþá mikilvægara þegar vöxturinn á sér stað á stuttum tíma, nær yfir mörg lönd og breitt þjónustuframboð. Hér er um svokallaða samþættingaráhættu að ræða, sem íslensk fjármálafyrirtæki þurfa að gefa gaum.

Innri ferlar, s.s. við mat og samþykki á fyrirgreiðslum, og stoðkerfi, s.s. áhættustýring, innra eftirlit og regluvarsla, eru ekki mest áberandi störf innan fjármálafyrirtækja. Fólk sem sinnir slíkum störfum vel, er kannski ekki alltaf vinsælast í góðæri. Þessar starfseiningar eru hins vegar geysilega mikilvægar fyrir orðspor og undirstöður fyrirtækjanna og gott fyrirkomulag verður seint fullþakkað þegar gefur á bátinn. Til að slíkar einingar geti sinnt hlutverki sínu á fullnægjandi hátt þarf að gæta að sjálfstæði þeirra innan fyrirtækjanna, stöðu í skipuriti, auk þess að sýna í verki að störf slíkra aðila séu ekki síður metin en þeirra sem gera “dílana”.

Úrvinnslugreiningar og sjálfsmat

Fjármálaeftirlitið stefnir að því að allar skýrslur sem eftirlitsskyldir aðilar senda til þess verði greindar vélrænt með það að markmiði að leita eftir frávikum eða

óæskilegri þróun frá heilbrigðum og traustum rekstri. Á tilteknum sviðum mun eftirlitsskyldum aðilum vera falið ákveðið sjálfsmat.

Þemaskoðanir og viðbrögð

Vettvangsskoðanir munu í vaxandi mæli byggja á þemaskoðunum þar sem einstakir áhættuþættir verða teknir út hjá eftirlitsskyldum aðilum í stað heildarúttekta. Einnig verður lögð áhersla á “viðbragðsskoðanir” þegar ástæða þykir til s.s. vegna frávika í úrvinnslugreiningu eða þegar atvik koma upp á íslenskum eða alþjóðlegum mörkuðum.

Hæfi fyrirtækja, eigenda og stjórnenda

Áfram verður lögð áhersla á að framfylgja af festu reglum um hæfi fyrirtækja, eigenda og stjórnenda. Þetta er gert við meðferð á starfsleyfisumsóknum, tilkynningum um starfsemi erlendis eða kaup á eignarhlutum í erlendum fjármálafyrirtækjum, umsóknum um virka eignarhluti og mati á hæfi stjórnenda. Að mínu mati er hér um grunnþætti að ræða sem gera verður ríka kröfu um að séu í lagi og Fjármálaeftirlitið ber ábyrgð á gagnvart 29 öðrum eftirlitsaðilum innan EES.

Þröngt eignarhald

Á síðasta ársfundi fjallaði ég um þá staðreynd að eignarhald í íslenskum bönkum er þröngt. Slíkt þarf ekki að vera óeðlilegt en felur í sér ákveðnar áhættur, einkum fyrir orðspor viðkomandi fyrirtækja og markaðinn í heild. Fjármálaeftirlitið mun áfram leggja áherslu á að koma í veg fyrir skaðleg áhrif þröngs eignarhalds.

Þannig verða áfram gerðar ríkar kröfur til hæfis og hegðunar eigenda virkra eignarhluta. Áhersla verður lögð á það að fyrirtækin gæti að góðum stjórnarháttum, s.s. hagsmunaárekstrum og reglum um afgreiðslu stjórnar á viðskiptaerindum, hvort heldur sem er við skipun í stjórn eða framkvæmd starfa stjórnar.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna hversu mikilvægt það er gagnvart útlánaáhættu, orðsporsáhættu og jafnræði viðskiptamanna að fyrirtækin hugi vel að reglum um stórar áhættuskuldbindingar og að fyrirgreiðslur til venslaðra aðila fjármálafyrirtækja séu byggðar á armslengdarsjónarmiðum.

Varðandi stórar áhættuskuldbindingar þurfa fyrirtækin að gæta þess að tengdir aðilar séu taldir sem ein áhætta og sé vafi um tengsl ber fremur að velja varfærnari kost með tilliti til samþjöppunaráhættu og tengja aðila saman. Í því sambandi geta fyrirtækin leitað eftir álit Fjármálaeftirlitsins um einstök tilvik.

Fjármálaeftirlitið leggur sérstaka áherslu á að fylgjast með reglum um fyrirgreiðslur til venslaðra aðila. Á síðasta ári setti eftirlitið tilmæli þess efnis að ytri endurskoðendur færu yfir slíkar fyrirgreiðslur og bæru saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina og gæfu rökstutt álit um það hvort að armslengdarsjónarmið væru virt s.s. m.t.t. til kjara, endursamninga og stöðu viðkomandi. Því miður ollu þær skýrslur sem bárust frá endurskoðendum stærstu fjármálafyrirtækjanna vonbrigðum. Nánast undantekningalaust voru þær einfaldar yfirlýsingar um að allt væri í lagi en báru ekki með sér að rökstutt mat hefði farið fram. Fjármálaeftirlitið mun sjá til þess að fullnægjandi mat fari fram.

Ef litið er á tölulegar upplýsingar þá hafa útlán til venslaðra aðila farið minnkandi sem hlutfall af heildarútlánnum og sem hlutfall af eiginfjárgrunni hjá viðskiptabönkunum en vaxið verulega hjá stærstu sparisjóðunum.

Órói á alþjóðlegum mörkuðum

Ársfundur Fjármálaeftirlitsins er nú haldinn á tímum óróa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Eftir langt góðærisskeið á helstu mörkuðum heimsins þar sem fjármagnskostnaður var í sögulegu lágmarki, skuldsetning fór vaxandi og eignaverð virtist aðeins geta hækkað, hefur ský dregið fyrir sólu.

Fjármagnskostnaður hefur hækkað, kröfur hafa tapast, framboð fjármagns hefur minnkað, seljanleiki fjármálagerninga er takmarkaðri en áður og hlutabréfaverð hefur farið lækkandi.

Í nýlegri skýrslu OECD um fjármálamarkaði er því spáð að afskriftir vegna undirmálsveðlána í Bandaríkjunum geti numið allt að 300 milljörðum dollara. Afleiðingar þessa geta hæglega orðið hærri fjármagnskostnaður og minna framboð fjármagns, sem síðan getur leitt til minni eftirspurnar og fjárfestinga og minnkandi hagnaðar fyrirtækja. Slíkt getur þýtt að hagvöxtur í heiminum muni dragast saman.

Áhrifa þessa óróa á alþjóðlegum mörkuðum hefur einnig komið fram á Íslandi. Fjármagn hefur orðið dýrara og framboð þess minnkað, hagnaður fjármálafyrirtækja og fyrirtækja tengd fjármálaþjónustu dróst verulega saman á milli 2. og 3. ársfjórðungs, gengi krónunnar og hlutabréfa hefur lækkað.

Segja má að umræðuóróinn vorið 2006 hafi gert íslenska fjármálakerfið betur í stakk búið til að takast á við erfiðleika og bankarnir njóta þeirrar fjármögnunar sem unnið var að á því ári og í upphafi þessa. Eiginfjárstaða og lausfjárstaða er sterk og álagspróf sýna að bankarnir geta staðið af sér töluverð áföll. Hins vegar mun reyna á eignagæði og hætt er við að hagnaður muni minnka.

Lokaorð

Góðir ársfundargestir,

Íslensku fjármálafyrirtækin eru orðin alþjóðleg fyrirtæki með starfsemi og viðskiptavini í mörgum löndum. Hlutdeild erlendra starfsemi þeirra mun einungis vaxa í framtíðinni og alþjóðavæðing íslenska fjármálakerfisins er staðreynd. Fyrirtækin og fjármálakerfið eru samofin þróuninni á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og alþjóðavæðingin gerir verulega auknar kröfur til fyrirtækjanna um gegnsæi og góða stjórnarhætti.

Óróinn sem nú er á fjármálamörkuðum mun vissulega gera siglinguna framundan vandasamari fyrir bæði fjármálafyrirtækin og eftirlitsaðila og full ástæða er til árvekni. Hins vegar hefur íslenskt fjármálakerfi sýnt að það er í grunninn sterkt og fyrirtækin eru úrræðagóð og viðbragðsfljót þegar á þarf að halda. Viðbrögð íslenskra fjármálafyrirtækja og stjórnvalda á síðasta ári sýndu glögg tækni hverju markvissar aðgerðir og skýr skilboð geta skilað.

Það er mín skoðun að með góðum og heilbrigðum stjórnarháttum og auknu gegnsæi geti stjórnendur íslenskra fjármálafyrirtækja lagt grunninn að frekara vaxtarskeiði á íslenskum fjármálamarkaði. Í alþjóðavæddu umhverfi er trúverðugleikinn arðsamasta fjárfestingin. Hann er sjaldan jafndýrmætur og á óróatímum.